

Ársskýrsla 2025



**SOS
BARNAPÖRPIN**

Sem barn, þarftu á einhverjum að halda sem er ekki sama um þig - einhverjum sem stendur með þér skilyrðislaust. Þó er það þannig í dag að **eitt af hverjum tíu börnum** og ungmennum eru aðskilin frá fjölskyldum sínum, yfirgefin, vanrækt eða búa við ofbeldi. Þau alast upp án þess stuðnings sem þau þurfa til að leggja grunn að fullorðinsárunum.

Þetta gerist í öllum löndum, hjá ríkum og fátækum - í öllum borgum og öllum samfélögum. Afleiðingarnar eru oft varanlegar og úr verður skaðlegur vítahringur sem endurtekur sig milli kynslóða.

Starf okkar snýst um að breyta þessu.

Tilfinningaleg

tengsl

foreldra við **börn**

geta breytt **öllu**

Efnisyfirlit

- 05 Frá framkvæmdastjóra
- 07 Um SOS Barnaþorpin
- 09 Umfang starfseminnar
- 11 SOS Barnaþorpin á Íslandi 2025
- 12 Árið í hnotskurn
- 13 Styrktarleiðir SOS
- 16 Félagsleg arðsemi framlaganna
- 17 Kynningarstarf
- 29 Það sem áður virtist ómögulegt hefur orðið að veruleika
- 20 Óvænt fjölmiðlafár
- 22 Í SOS fréttum var þetta helst
- 26 Áframhaldandi stuðningur mikilvægur fyrir Gaza
- 27 Framlög til neyðaraðgerða
- 28 Þróunar- og mannúðarverkefni
- 29 Skólamál
- 31 Ávarp fjármálastjóra
- 32 Fjármál og lykiltölur
- 33 SOS fólkið á Íslandi
- 34 Lönd og svæði 2025

Forsíðusagan: Móðir og sonur sameinuð á ný

Tamrat, sem er nú 15 ára, kom í umsjá SOS Barnaþorpanna í Eþíópíu aðeins fjögurra ára gamall eftir að móðir hans hvarf. Fimm árum síðar fann hún hann aftur í barnaþorpinu og hófu þau þá að endurbyggja tengsl sín.

Eftir tveggja ára undirbúning gátu mæðginin sameinast á ný. Þau fá reglulegar heimsóknir frá fjölskylduráðgjafa SOS Barnaþorpanna og stuðning eftir þörfum.

© SOS Barnaporpin
Hamraborg 1, 200 Kópavogi
Sími: 564-2910
Netfang: sos@sos.is

Umsjón og ritstjórn: Hans Steinar Bjarnason
Fjármálatölur: Rakel Lind Hauksdóttir
Ljósmyndir: SOS Children's Villages og SOS Barnaporpin á Íslandi
Umbrot og hönnun: Prentmet Oddi / Hjördís Ómarsdóttir

Frá framkvæmdastjóra



Ragnar Schram
Framkvæmdastjóri

Árið 2025 fer í sögubækurnar sem gott rekstrarár hjá SOS Barnaporpunum á Íslandi. Reksturinn var í góðu jafnvægi og sáum við aukningu í helstu tekjuliðum okkar. Tekjur drógust saman um 2% frá fyrra ári, en það ár jukust tekjur um 19% milli ára, m.a. vegna stórrar erfðagjafar.

SOS foreldrum fækkaði lítillega milli ára en framlög þeirra jukust þó um 14% og framlög fjölskyldu- og neyðarvina um 19%. Þá drógust frjáls framlög saman um helming en það skýrist af áðurnefndri erfðagjöf á árinu 2024.

Opinber framlög jukust um 70% sem skýrist að stærstum hluta af rammamningi samtakanna við Utanríkisráðuneytið.

Þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem gáfu til samtakanna fækkaði um 9% milli ára og nam fjöldi þeirra um 20.000. Mest fækkar þeim sem gefa frjáls óreglubundin stök framlög til samtakanna.

Um áramótin voru mánaðarlegir styrkir SOS 10.526 en voru 10.603 árið áður. Njóta þeir nú, líkt og í fyrra, lækkunar á skattstofni vegna framlaga sinna til SOS.

Á árinu hóf nýr fjáröflunarstarfsmaður störf og fyllti þannig í það skarð sem myndaðist þegar forveri hans hætti störfum árið áður. Engar aðrar breytingar urðu á annars öflugum og samheldnum hópi starfsmanna sem fjórða árið í röð gáfu vinnustað sínu einkunn sem skilar honum í hóp þeirra 15 litlu vinnustaða sem best er að vinna hjá samkvæmt könnun VR Fyrirtæki ársins 2025.

Frá framkvæmdastjóra

Mig langar að þakka:

Styrktaraðilum, öllum þeim fjölmörgu sem gáfu til SOS Barnaþorpanna í fyrra, fyrir að standa með okkur í þeirri viðleitni okkar að bæta líf, kjör og tækifæri þeirra barna sem ekki njóta forsjár foreldra, auk fjölda annarra skjólstaðinga. Árangurinn talar sínu máli og er rík ástæða fyrir styrktaraðila að halda áfram þessari góðu vegferð með okkur, börnunum til heilla.

Starfsfólki og stjórn, sem leggja oft mikið á sig, og sjá til þess að reksturinn gangi vel og að öllum þeim fjölda krafna sem gerðar eru til samtaka eins og okkar séu uppfylltar. Þær kröfur eru ekki litlar og koma frá íslenskum eftirlitsaðilum, alþjóðasamtökum SOS Barnaþorpanna og erlendum samstarfsaðilum. Hér er á ferðinni samstilltur og metnaðarfullur hópur, staðráðinn í að vinna að heilindum, ráðdeild og ná árangri.

Kæri lesandi. Ég hvet þig til að kynna þér hvernig SOS Barnaþorpin starfa og nýta þá fjármuni sem þeim er treyst fyrir. Þessi ársskýrsla er fyrir þig! Takk fyrir að vera með okkur í þessu mikilvæga verkefni!

“ “

Árangurinn talar sínu máli og er rík ástæða fyrir styrktaraðila að halda áfram þessari góðu vegferð með okkur, börnunum til heilla



Ragnar Schram
Framkvæmdastjóri

Um SOS Barnaporpin

SOS Barnaporpin (*SOS Children's Villages*) eru stærstu óháðu hjálpsamtök heims sem veita munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. Auk áherslu á börn án foreldraumsjár einblína samtökin á ósjálfbjarga barnafjölskyldur í sárafátækt. Aðaláhersla SOS Barnaporpanna er á að börn þrífist best í fjölskylduumhverfi við ást og umhyggju foreldra eða umsjónarfólks, ásamt systkinum sínum á stað sem þau geta kallað heimili. Samtökin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949. Starfsemin á Íslandi hófst árið 1989 og felur eingöngu í sér fjáröflun fyrir rekstur SOS barnaporpa og önnur erlend verkefni auk þjónustu við styrktaraðila hér á landi.

Frá stofnun SOS Barnaporpanna er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna og í raun enn fleiri ef nánin skyldmenn þeirra eru talin með. Samtökin hafa með beinum hætti framfært fjórum milljónum barna frá upphafi og haft þannig einnig jákvæð áhrif á líf 9 milljóna afkomenda þeirra. Með því að stöðva hringrás aðskilnaðar hafa þessi börn alið af sér aðrar kynslóðir barna sem njóta góðs af starfi samtakanna.

Starfsemin

SOS Barnaporpin starfa í yfir 130 löndum og landsvæðum, óháð stjórnámálum og trúarbrögðum. Ísland er eitt af sjö aðildarlöndum sem sinnir eingöngu fjáröflun og þjónustu við styrktaraðila en er ekki með innanlandsverkefni. Samtökin hafa beina umsjá með yfir 70.000 börnum og ungmennum á heimsvísu allan sólarhringinn. Elsta og þekktasta fyrirkomulag starfseminnar er búseta í barnaporpum þar sem börnin búa og alast upp við hefðbundið fjölskyldulíf á hlýlegu heimili og ganga í skóla.

Umönnun barna á vegum samtakanna hefur breyst undanfarin ár og fjölgar sífellt þeim börnum og ungmennum sem búa utan barnaporpanna. Börn fara í meiri mæli aftur til kynforeldra sinna sem gátu áður ekki séð fyrir þeim en geta það nú með stuðningi og eftirliti SOS Barnaporpanna. Önnur börn búa á fósturheimilum, ungmennaheimilum og í annarri fjölbættu umönnun undir eftirliti samtakanna. SOS Barnaporpin reka einnig fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla og heilsugæslustöðva auk þess að sinna almennu mannúðarstarfi, svo sem þróunar- og mannúðaraðstoð auk ýmissa umbótaverkefna, allt í þágu barna og velferðar þeirra.

Forvörn gegn aðskilnaði barna og foreldra

Sá angi starfsemi SOS Barnaporpanna sem vaxið hefur hvað mest undanfarna áratugi er forvarnarstarfið fjölskylduefning. Markmið fjölskylduefningar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína með því að efla foreldrana til fjárhagslegs sjálfstæðis. SOS Barnaporpin líta svo á að fjölskyldan sé mikilvægust og best sé fyrir börn að alast upp með kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta frá sér börnin. Yfirvöld taka þá ábyrgð á börnunum og koma þeim fyrir á stofnunum eða þá að börnin sjálf flýja heimilisaðstæður og sjá sjálf fyrir sér á götunni, jafnvel með betli og vændi. Fjölskylduefning er svar SOS Barnaporpanna við slíkri neyð.

Annar þáttur í forvarnarstarfi samtakanna er svokölluð samfélags-efning sem hefur sama markmið og fjölskylduefning, að börn geti alist upp hjá fjölskyldum sínum, en nálgunin er ólík. Fjölskylduefning beinist að einstökum fjölskyldum og þeim stuðningi sem þær þurfa. Samfélags-efning snýst hins vegar um að styrkja nærumhverfið allt

Um SOS Barnaporpin

Í kringum fjölskyldurnar, svo sem skóla, félagsþjónustu, grasrótarsamtök og önnur úrræði í samfélaginu, þannig að fleiri fjölskyldur geti fengið stuðning þegar á þarf að halda.

Neyðaraðstoð

SOS Barnaporpin starfa á vettvangi hamfara- og átakasvæða víðsvegar um heiminn þar sem börn eiga um sárt að binda. Þau hafa þurft að flýja heimili sín og orðið viðskila við foreldra sína. Útbreiðsla samtakanna er mikil og áunnist hefur áratugalöng reynsla af mannúðaraðstoð innan SOS Barnaporpanna. Neyðin í heiminum hefur sjaldan verið meiri og útbreiddari og neyðaraðgerðum SOS Barnaporpanna fer fjölgandi.

Fagmennska í neyðaraðgerðum skiptir öllu máli og lúta SOS Barnaporpin ströngu eftirliti alþjóðasamtaka SOS Children's Villages sem hlotið hafa hina alþjóðlegu CHS vottun sem neyðarhjálparsamtök með tilheyrandi ströngum verkferlum og eftirliti.

Í neyðaraðgerðum SOS hjálpum við fjölskyldum sem orðið hafa viðskila að sameinast á ný og tökum að okkur börn sem misst hafa foreldra sína. Við veitum börnum áfallahjálp og hlúum að geðheilsu þeirra eftir þær miklu hörmungar sem þau hafa upplifað. Þessi þáttur er ekki alltaf í forgangi á neyðar- og hamfarasvæðum en við leggjum mikla áherslu á andlega heilsu barna, því við vitum hve miklu máli hún skiptir fyrir framtíð þeirra. Við dreifum einnig matvælum, vatni og öðrum nauðsynjum til fólks á svæðinu í samstarfi við önnur virt, sjálfstæð og vottuð hjálparsamtök.



Frá stofnun SOS Barnaporpanna er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna og í raun enn fleiri ef nán skyldmenni þeirra eru talin með

Umfang starfseminnar

Árið 2025 náðu SOS Barnaþorpin til meira en **7,9 milljóna barna**, ungmenna og fullorðinna í **yfir 130 löndum** og landsvæðum. Tæplega **4,3 milljónir** einstaklinga nutu beins stuðnings, sem er um 4% aukning frá árinu 2024. Þessi vöxtur endurspeglar aukna áherslu á markvissan stuðning við börn og ungmenni sem hafa misst foreldraumönnun eða eiga á hættu að missa hana.

Meira en **3,6 milljónir** einstaklinga nutu óbeins stuðnings, sem sýnir að áhrif starfseminnar ná langt út fyrir þann hóp sem fær beina þjónustu.

Tæplega **3 milljónir barna**, ungmenna og fullorðinna nutu stuðnings í gegnum forvarnarverkefni SOS Barnaþorpanna og samstarfsaðila þeirra, sem miða að því að styrkja fjölskyldur, koma í veg fyrir að þær sundrist og að börn missi foreldraumönnun.

Árið 2025 voru **70.300** börn og ungmenni á framfæri samtakanna allan sólarhringinn í barnaþorpum og annarri sambærilegri umönnun. Þannig geta þau alist upp í hlýlegu, öruggu og styðjandi umhverfi þar sem þau geta orðið sjálfstæð og dafnað.

Árið 2025 er áætlað að **mannúðarstarf** SOS Barnaþorpanna og samstarfsaðila þeirra hafi náð til **3,8 milljóna** einstaklinga, bæði með beinum og óbeinum hætti, í 42 löndum, til að bregðast við mannúðarkrísu og vernda börn og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu.

Við sáum meira en 20% aukningu í fjölda þeirra sem nutu beins stuðnings í gegnum mannúðarstarf árið 2025, en um 2,7 milljónir einstaklinga fengu lífsnauðsynlega aðstoð og neyðarstuðning.

Stuðningur við menntun náði til um 1,3 milljóna barna og ungmenna, sem er um 20% aukning, með auknu aðgengi að grunn- og framhaldsskólamenntun, sérstaklega í Afríku.

Árið 2025 störfuðu um 39.850 starfsmenn SOS Barnaþorpanna við umönnun, verkefnastjórnun og við að veita börnum, ungmennum og fjölskyldum stuðning og þjónustu.

SOS Barnaporpin á Íslandi 2025

(31. desember 2025)

Íslendingar styrkja börn í

107

löndum

19.867

styrktu SOS Barnaporpin á árinu

10.526

mánaðarlegir styrkir

9.555

mánaðarlegir styrkir
við börn og barnaporp



841

króna af hverju

1.000

króna framlagi Íslendinga rennur í sjálft hjálparstarfið



Árið í hnotskurn

841 kr

af hverjum

1.000 kr

runnu í sjálft
hjálpstarfið

**860 milljónir
króna**



Heildarframlög
styrktaraðila SOS

15,9%

stjórnunarkostnaður

**933 milljónir
króna**



Heildartekjur
ársins



Rakel Lind Hauksdóttir

Fjármála- og fjáröflunarstjóri

Á árinu 2025 styrktu 19.430 einstaklingar og 437 lögaðilar SOS Barnaþorpin á Íslandi, ýmist með mánaðarlegum framlögum, stökum eða bæði. Framlög einstaklinga og lögaðila námu 706,2 milljónum kr. á árinu en voru 792,8 árið 2024. Opinber framlög hækkuðu milli ára og námu 153,6 milljónum kr., samanborið við 90,8 milljónir kr. árið 2024. Þannig námu heildarframlög styrktaraðila 859,8 milljónum kr. á árinu 2025 og lækkuðu þau um 23,8 milljónir kr. milli ára.

Þrátt fyrir að heildarframlög einstaklinga og lögaðila hafi lækkað um 23,8 milljónir kr. milli ára hækkuðu framlög almennra styrktaraðila um 34,2 milljónir og opinber framlög um 62,8 milljónir kr. Hins vegar lækkaði liðurinn erfðagjafir um 120,8 milljónir krónur enda barst stærsta erfðagjöf í sögu samtakanna á Íslandi árið áður. Á árinu 2024 fengu samtökin erfðagjafir alls að fjárhæð 145 milljónum

króna en á árinu 2025 nam sá liður 23,7 milljónum. Heildartekjur félagsins lækkuðu um 19 milljónir króna milli ára og námu 932,9 milljónum kr. árið 2025.

Frá stofnun samtakanna hér á landi hefur almenningur stutt dyggilega við starfið og var þar engin undantekning á árinu 2025. Af þeim 859,8 milljónum sem söfnuðust frá styrktaraðilum komu 74% styrkja frá almenningsi eða 687,2 milljónir krónur. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá SOS foreldrum sem við sendum til barnaþorpa í 107 löndum.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 17,6% af heildartekjum ársins og var því undir 20% viðmiði samtakanna um rekstrarkostnað. Í þeirri tölu er þó talinn með launakostnaður starfsfólks sem sinnir beinni umsýslu verkefna hérlendis og erlendis. Að teknu tilliti til þess var kostnaðarhlutfallið 15,9%.

Af hverjum 1.000 krónum sem bárust í framlögum á árinu runnu því 841 króna beint til hjálparstarfsins.

Styrktarleiðir SOS

SOS-foreldrar (stakra barna)

Til eru ýmsar leiðir til að styðja við starf SOS Barnaþorpanna en sú þekktasta er án efa styrktarforeldraleiðin SOS-foreldri. Það er sem fyrr langfjölmennasti hópurinn sem telst til mánaðarlegra styrktaraðila, þ.e. þeirra sem hafa skuldbundið sig til mánaðarlegra greiðslna. Þeir greiða, 4.500 krónur að lágmarki sem gerir samtökunum kleift að veita umkomulausu barni fjölskyldu á góðu heimili.

SOS-foreldrar stakra barna fá bréf tvisvar á ári frá barnaþorpinu sem styrktarbarnið býr í. Í sumum tilfellum eru persónulegar upplýsingar um börnin nokkuð takmarkaðar og er það þróun átt hefur sér stað undanfarin ár. SOS Barnaþorpin leggja mikla áherslu á réttindi barna og persónuvernd. Við getum því ekki gefið SOS-foreldrum upp of persónulegar upplýsingar um börnin og biðjum SOS-foreldra að sýna því skilning.

SOS-foreldrar (allra barna)

Sumir vilja styrkja barnaþorpin án þess að tengjast börnunum með sama beina hætti og SOS-foreldrar stakra barna. Fyrir þá sem það kjósa er hægt að gerast *SOS-foreldri allra barna*, þ.e. allra barnanna í einu tilteknu barnaþorpi. Þessi styrktarleið hét áður *SOS-barnaþorpsvinur* en til einföldunar var hún felld undir nafn hinnar kunnna styrktarleiðar *SOS-foreldri*. SOS-foreldrar allra barna greiða 4.500 krónur á mánuði og er framlagi þeirra varið í rekstur barnaþorpsins svo tryggja megri öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa. *SOS-foreldrar allra barna* fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað.

SOS-foreldrar barna á Gaza

Samhliða þessum valmöguleika gefst almenningi einnig kostur á styrkja beint SOS barnaþorpið í Rafah á Gaza með því að gerast *SOS-foreldri barna á Gaza*. Mikil og stöðug eftirspurn meðal Íslendinga eftir því að styrkja starfsemi samtakanna í Palestínu varð til þess að ákveðið var að bjóða upp á þessa styrktarleið. Neyðin á Gaza er slík að ljóst er að efla þarf starfsemi samtakanna þar til lengri tíma.

Í hvað fer framlag SOS-foreldra?

Framlög SOS-foreldra fara til viðkomandi barnaþorps og tryggja framfærslu barnanna og rekstur barnaþorpanna svo tryggja megri velferð og öryggi barnanna sem þar búa. SOS-foreldrar geta einnig gefið barninu **peningagjafir inn á framtíðarreikning** sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið og fer að standa á eigin fótum. Sú fjárhæð rennur óskert til barnsins. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma á laggirnar atvinnurekstri.

SOS-fjölskylduvinir

SOS-fjölskylduvinir styrkja fjölskylduefningu SOS. Það eru verkefni sem koma í veg fyrir að börn verði vanrækt og yfirgefin. Í fjölskylduefningu SOS tökum við fyrstu skrefin með fjölskyldum út úr sárafátækt svo þær geti staðið á eigin fótum og séð fyrir börnum sínum. Framlögum SOS-fjölskylduvina er ráðstafað í þau verkefni sem SOS á Íslandi fjármagnar hverju sinni en þau eru nú fjögur, í Eþíópíu, Rúanda, Úganda og Malaví. Stærstur hluti fjármögnunar verkefna okkar í fjölskylduefningu kemur frá utanríkisráðuneytinu og er það liður í opinberri þróunarsamvinnu Íslands.

Styrktarleiðir SOS

SOS-neyðarvinur

SOS Barnaþorpin á Íslandi leggja til fjármagn í neyðaraðgerðir samtakanna með stuðningi SOS neyðar-vina. Við hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi höfum undanfarin ár gefið almenningi kost á að styrkja afmarkaðar neyðaraðgerðir í ákveðnum löndum þegar upp kemur neyð á starfssvæði samtakanna. Nú er svo komið að neyðin í heiminum hefur sjaldan verið meiri og útbreiddari og neyðaraðgerðum SOS Barnaþorpanna fer fjölgandi. Í ljósi þess var ákveðið að bjóða Íslendingum upp á eina sameiginlega styrktarleið fyrir þær neyðaraðgerðir SOS sem við tökum þátt í að fjármagna hverju sinni. Til þess að leggja þessum aðgerðum samtakanna lið bendum við fólki á að gerast SOS neyðarvinur. Í boði er að gefa stakt framlag eða að gerast mánaðarlegur SOS neyðarvinur.

Lífið í barnaþorpi

Börnin sem búa í SOS barnaþorpunum stunda nám og fá öllum grunnþörfum sínum mætt. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flest mannleg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislegasta. Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS-móðirin eða -faðirinn sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar. SOS-mamman/pabbinn sér um að börnin búi við öryggi og umhyggju. Börnin sækja skóla í nágrenninu eða skóla sem samtökin hafa reist og eru viðurkenndir af yfirvöldum hvers lands.

SOS-fjölskyldur utan barnaþorpa

Undanfarin ár hefur fjölbreytni aukist í umönnun barna hjá samtökunum og þeim fjölgar SOS-fjölskyldunum sem búa utan barnaþorpanna. Yfirvöld víða um heim eru í auknum mæli að afstofnanavæða umönnun munaðarlausra barna, þ.e. leggja niður ýmisskonar uppeldisstofnanir. Jafnvel þó SOS Barnaþorpin séu andstæðan við stofnun fellur skilgreining á starfsemi samtakanna þó undir starfsemi stofnana í mörgum löndum víða um heim. Það hefur alltaf verið einkenni SOS Barnaþorpanna að sjá fylgdarlausum börnum fyrir persónulegri og fjölskylduvænni umönnun. Þær breytingar sem samtökin eru að ganga í gegnum fela í sér að fjölskyldur flytjast m.a. inn í almenn íbúðahverfi en heyra þó áfram undir starfseiningar SOS Barnaþorpanna sem sjá um rekstur hverrar fjölskyldu.

Mánaðarlegir styrktaraðilar

Íslendingar hafa í um fjóra áratugi verið dyggir styrktaraðilar við umkomulaus og bágstödd börn í gegnum SOS Barnaþorpin. Fyrir það erum við þakklát og er tekið eftir þessum öflugra stuðningi hjá öðrum aðildarlöndum samtakanna. Þó nokkuð er um að sömu einstaklingarnir styrki fleiri en eitt barn og margir bæta jafnvel við sig fleiri styrktarleiðum. Níunda árið í röð eru mánaðarlegir styrkir fleiri en tíu þúsund en þeim fækkaði lítillega á milli ára.

Á árinu 2025 buðum við fólki í fyrsta sinn að styrkja fjölskylduefningu SOS í Póllandi með sérstakri styrktarleið. Þessi styrktarmöguleiki var eingöngu kynntur á samfélagsmiðlum og sjáanlegur pólskumælandi notendum. Viðbrögðin voru lítil en á árinu 2026 stendur til að kynna þessa styrktarleið betur hér á landi.

Styrktarleiðir SOS

Mest fjölgun styrktaraðila í júní og desember


Sem fyrr skipti desembermánuður sköpum í fjáröflun en í þeim mánuði bættust um 100 nýir mánaðarlegir styrktaraðilar í hóp styrktaraðila. Jólahaferð er jafnan stærsta auglýsingahaferð samtakanna á hverju ári. Segja má að júnímánuður hafi gerst óvæntur hástökkvari ársins því þá bættust við margir tugir nýrra SOS-foreldra. Þann óvænta aukna áhuga almennings á samtökunum rekjum við til fjölmiðlaumfjöllunar í tengslum við leit indverskrar konu, sem ólst upp í SOS barnaþorpi, að fyrrverandi styrktarforeldri sínu á Íslandi. Nánar er fjallað um það í kaflanum „Kynningarstarf“ hér síðar í ársskýrslunni. Eins og fyrr segir er starfið að mestu leyti fjármagnað af einstaklingum og það er vegna þeirra sem samtökin geta unnið þetta starf.

Fram til ársins 2019 fjölgaði mánaðarlegum styrktaraðilum mikið en frá þeim tíma hefur fjöldi þeirra nokkurn veginn staðið í stað. Áhrif heimsfaraldursins Covid-19, stýrivaxtahækkanir og verðbólga hafa gert síðustu ár krefjandi fyrir okkur öll. Segja má að nokkur óvissa hafi ríkt í samfélaginu síðustu misseri sem hefur leitt til þess að einhverjir styrktaraðilar þurfa að segja upp stuðningi en að sama skapi hafa nýir bæst hópinn.

Mánaðarlegir styrkir á Íslandi í lok árs 2025

Mánaðarlegir styrkir	Fjöldi	Breyting milli ára
SOS-foreldrar	9.555	-54
Fjölskylduvinur	890	-44
Neyðarvinur	78	18
Pólskur vinur	3	3
Mánaðarlegir alls	10.526	-77

Mánaðarlegir styrktaraðilar





Félagsleg arðsemi framlaganna

Árið 2024 gáfu alþjóðasamtök SOS Barnaþorpanna út skýrsluna 75 Years of Impact, þar sem niðurstöður sýna samfélagsleg áhrif af starfi samtakanna. Þar eru uppfærð gögn frá sambærilegri skýrslu okkar sem gefin var út árið 2019 í tilefni af 70 ára afmæli samtakanna. Þar er starf SOS metið til fjárhagslegs virðis með því að bera saman kostnað verkefnanna við áætlað fjárhagslegt virði ávinningsins fyrir einstaklinga, nærsamfélög og samfélagið í heild. Gögn frá 18 löndum sýna að fyrir hverja eina evru sem fjárfest er í verkefnum okkar fær samfélagið áætlaðan ávinning upp á 4,50 evrur. Það má því segja að fyrir hvert eitt þúsund króna framlag til SOS Barnaþorpanna fær samfélagið 4.500 krónur í ávinning.

Þegar skoðuð er félagsleg arðsemi af fjölskylduefningu SOS má áætla að ein evra verði að 20 evrum. Það þýðir að hvert framlag

SOS-fjölskylduvina tuttugufaldast í ávinningi til samfélagsins. SOS-fjölskylduvinir eru þeir styrktaraðilar á Íslandi sem styrkja verkefni okkar í fjölskylduefningu.

Þetta áætlaða heildarhlutfall kostnaðar og ávinnings er vegið með- altal kostnaðar og ávinnings sem tengist því að veita börnum fjölskylduumönnun og fjölskylduefningu. Mat fyrir hverja þjónustutegund og sundurliðun kostnaðar og ávinnings má sjá hér að neðan.

€
€ € € € €
€1 → **€4.50**
fjárfest ávinningur samfélagsins

Fjölskylduumönnun

1 : 1.50



Fjölskylduefning

1 : 20



● Kostnaður við verkefni ● Stjórnunarkostnaður ● Tekjur umönnunaraðila
● Tekjur einstaklinga ● Næsta kynslóð ● Áhrif staðbundinnar ráðstöfunar fjármuna ● Annað fjármuna

Kynningarstarf



Hans Steinar Bjarnason
Upplýsingafulltrúi

Kynningar- og upplýsingastarf er mikilvægur þáttur í starfsemi SOS Barnaþorpanna. Á bak við hvert framlag er einstaklingur sem hefur ákveðið að leggja sitt af mörkum til betri framtíðar barna. Því fylgir mikil ábyrgð sem við tökum alvarlega. Sú ákvörðun byggir á trausti — og það traust viljum við rækta með gagnsæi, ábyrgð og skýrum upplýsingum um hvernig framlögum er ráðstafað. Til þess að geta haldið áfram að styðja börn og

fjölskyldur um allan heim þurfum við svo ekki aðeins að vinna verkin heldur einnig að segja frá þeim. Með því að miðla árangri, áskorunum og áhrifum starfsins gefum við almenningi færi á að sjá hvernig stuðningurinn skiptir máli — og hvetjum fleiri til þátttöku.

Í síbreytilegu upplýsingasamfélagi, þar sem ný tækni hefur umbreytt því hvernig fólk nálgast fréttir og upplýsingar, er mikilvægt að vera opin fyrir breytingum í samskiptum. Ekki er langt síðan við gáfum út þrjú prentuð fréttablöð á ári sem send voru í pósti til styrktaraðila. En um og upp úr 2020 fór dreifingarkostnaður að hækka upp úr öllu valdi og kallaði það á breyttar áherslur. Ákvörðun um að fækka útgefnum prentuðum tölublöðum úr þremur niður í eitt á ári endurspeglar þá stefnu okkar að nýta framlög af ábyrgð og beina sem mestum fjármunum til verkefna fyrir börn og fjölskyldur.

Á sama tíma höldum við áfram að miðla sögum, árangri og upplýsingum í gegnum stafræna miðla sem gerir okkur kleift að vera í nánari og virkari samskiptum við styrktaraðila. SOS Barnaþorpin á

Íslandi eru virk á Facebook, Instagram, TikTok, YouTube og LinkedIn og þar deilum við upplýsingum og frásögnum reglulega. Einnig sendum við upplýsingar einstaka sinnum í tölvupósti til styrktaraðila. Með því að segja frá starfinu, sögunum og árangrinum, upplýsum við ekki aðeins styrktaraðila um árangur af framlögum þeirra heldur gefum við líka fleirum kost á að bætast í hóp styrktaraðila og taka þannig þátt í að skapa börnum öruggari framtíð.

Sjónvarpsþættir um SOS

Gerð sjónvarpsinnslaga og -þátta um starf SOS Barnaþorpanna hefur sannað sig sem árangursrík leið í kynningarstarfi samtakanna. Sjónvarpsstöðvarnar hafa verið móttækilegar fyrir síkri dagskrár-



Kynningarstarf

gerð því þær sjá virði í því að segja áhrifamiklar sögur og af þeim er nóg í starfi samtakanna. Jafn mikið lykilatriði í þessu eru öflugir velgjörðasendiherrar okkar sem hafa gefið af sér við gerð slíkra umfjallana og eru um leið aukið virði fyrir sjónvarpsstöðvarnar.

Þetta eflir vitundarvakningu og er örvandi fyrir fjáröflun samtakanna. Þetta sýna tölur skýrt í tengslum við sýningu á slíkum þáttum því styrktarskráningum fjólgar. Við höfum ekki tekið þátt í hefðbundnum kostnaðarsömum söfnunarpáttum í sjónvarpi heldur leggjum við meiri áherslu á að segja sögur úr starfinu, sögur af fólki. Við gerð svona þátta er lögð áhersla á að sögupersónan hafi tengsl við SOS Barnaþorpin, að sagan sé sterk og innihaldsrík og gefi raunsanna mynd af þeim árangri næst í starfi samtakanna.

Rúrik í Rúanda á RÚV

Stærsta kynningarverkefni ársins var framleiðsla okkar á sjónvarpsþætti í samstarfi við RÚV um fjölskylduefingu SOS í Rúanda sem fjármögnuð er af SOS á Íslandi. Rúrik Gíslason, einn af velgjörðasendiherrum okkar, var sögumaður í þættinum sem gekk út á að sýna mikilvægi fjölskylduefingar á fátækustu svæðum heims. Þjóðarmorðin í Rúanda árið 1994 lögðu veikbyggða innviði landsins í rúst og þjóðin glímur enn við afleiðingarnar. Þátturinn sýnir hvernig verkefnið okkar aðstoðar barnafjölskyldur við að komast úr sárafátækt og standa á eigin fótum.

Leikstjórinn Sævar Guðmundsson hélt utan um verkið ásamt undirrituðum. Sævar skilaði af sér sjónvarpsþætti sem mikill sómi er að

enda er hann verðlaunaleikstjóri. Sævar og fyrirtæki hans, Purkur, unnu verkið á kostnaðarverði og RÚV greiddi fyrir þáttinn með hóflegu mótframlagi SOS. Rúrik vann verkefnið í sjálfböðavinnu eins og allt annað sem hann tekur að sér fyrir samtökin. Þátturinn var sýndur á RÚV 13. apríl 2026 og fékk frábær viðbrögð sem nánar verður greint frá í ársskýrslu næsta árs.



Það sem áður virtist ómögulegt hefur orðið að veruleika



Við tökum á sjónvarpsþættinum *Rúrik í Rúanda* heimsótti Rúrik fjölskyldur sem eru þátttakendur í verkefninu okkar og sögðu sögu sína. Meðal þeirra eru hjónin Aloys og eiginkona hans, Annonciatha sem búa í Nyamiyaga-héraði ásamt sex börnum sínum. Sögu þeirra sögðum við fyrst á heimasíðu okkar sl. sumar. Þrátt fyrir að eiga gott ræktunarland lifði fjölskyldan í sárri fátækt. Á heimilinu ríkti spennan og ágreiningur og börnin urðu oft fórnarlömb aðstæðna.

„Þrátt fyrir að við ættum land til ræktunar bjuggum við í mikilli fátækt og glímdum við stöðugt hungur og matarskort,“ segir húsbóndinn, Aloys. „Börnin okkar gátu ekki sótt skóla. Ég veit ekki hversu oft þau fóru svöng að sofa. Við bjuggum öll í einu herbergi og höfðum ekki efni á að kaupa neitt búfé.“

Í maí 2022 breyttist allt þegar fjölskyldan komst í fjölskylduefninguna sem fjármögnuð er af SOS á Íslandi. Með stuðningi SOS tóku Aloys og Annonciatha þátt í fjölmörgum námskeiðum sem beindust að fjármálum, uppeldi og samvinnu innan heimilisins. Þau gengu í sparnaðar- og lánasamtök á vegum verkefnisins og hófu að leggja smáar fjárhæðir fyrir. Þetta voru fyrstu skrefin í átt að stöðugleika og sjálfstæði.

Viðsnúningurinn alger

Aloys og Annonciatha tóku vel á móti Rúrik og sýndu honum með stolti þann mikla árangur sem þau hafa náð. „Við áttum ekki bara við fjárskort að stríða heldur þurftum við líka að breyta hugarfarinu,“ segir Aloys. „Verkefnið hjálpaði okkur að sjá að við gætum byggt upp betra líf ef við ynnum saman.“ Smám saman fór lífið að breytast. Fjölskyldan lærði að skipta ábyrgðinni jafnt á heimilinu, og friður færðist inn í húsið. Hjónin fóru að rækta meira land og stofnuðu lítið fyrirtæki þar sem þau kaupa og selja húsdýr. Þau fengu svo lán í gegnum lánastofnun á vegum verkefnisins sem þau nýttu til að byggja nýtt, rúm-gott hús fyrir fjölskylduna.

Lífið hefur tekið miklum framförum. Börnin fá nú næringarríkan mat daglega, öll sækja þau skóla og standa sig vel. Hjónin sjá nú fram á að verða sjálfbær og velmegandi fjölskylda. „Við erum stolt,“ segir Annonciatha brosandi. „Við erum orðin sterkari saman og börnin okkar eiga framtíð,“ sagði Aloys.

Stuðningurinn heldur áfram að skila árangri

Rúanda er þekkt fyrir bratt, hæðótt landslag sem íbúar handmoka í og búa til rásir fyrir ræktun sem taka á móti regnvatni. Fjölskyldan fékk tækifæri til að vinna við gerð varnargarða á landi sínu og fékk laun fyrir vinnuna. Þau notuðu tekjurnar til að kaupa sex geitur og fjórar hænur, auk þess sem þau fengu gæðafræ sem bættu uppskeruna og næringu fjölskyldunnar til muna. SOS útvegaði þeim einnig kú, sem gefur bæði mjólk og lífrænan áburð og hefur þannig aukið uppskeru og tekjur.

Eitt barnanna fékk tækifæri til að sækja iðnnám í vélvirkjun með stuðningi verkefnisins og starfar nú á verkstæði í nágrenninu. Það er uppspretta stolts og vonar fyrir alla fjölskylduna. Aloys horfir bjartsýnn til framtíðar. „Við höfum lært að vinna saman og að hugsa öðruvísi,“ segir hann. „Það sem áður virtist ómögulegt hefur orðið að veruleika. Nú eigum við von.“



Óvænt fjölmiðlafár

Sýnileiki skiptir svona hjálparsamtök miklu máli en það getur verið óútreiknanlegt hvað veður áhuga fjölmiðla. Allt var með kyrrum kjörum sumarið 2025 þegar nokkuð óvænt gerðist. Skilaboð höfðu nokkru áður borist okkur í gegnum Facebook frá konu á Indlandi að nafni Ambika. Hún var að skipuleggja ferð með eiginmanni sínum til Íslands og óskaði eftir að komast í samband við styrktarforeldri sitt hér á landi sem hún skrifaðist á við þegar hún ólst upp í barnaþorpi.

Ambika sagði að styrktarforeldrið hét Hafdís en ítarleg leit út frá því eina nafni bar ekki árangur. Vegna persónuverndarlaga var nafn Ambiku ekki lengur rekjanlegt til styrktarforeldra hennar í tölvukerfi samtakanna og handvirk leit skilaði engu. Brugðum við því á það ráð að auglýsa eftir téðri Hafdís á Facebook í færslu sem birt var 16. júní. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og á næstu klukkustundum birtu flestir fjölmiðlar landsins fréttir um leit okkar að Hafdís.

Skemmst er frá því að segja að Hafdís kom í leitirnar og hún varð himinlifandi þegar hún heyrði að Ambika væri að leita að sér. Í ljós kom að Hafdís reyndist vera millinafn konunnar sem heitir í raun Guðrún Hafdís og við nánari skoðun voru tengsl hennar við Ambiku staðfest.

Eftir að Hafdís fannst hélt fjölmiðlafárið áfram og þjóðin fylgdist með. Þessi mikli áhugi landsmanna og fjölmiðla leiddi til þess að við bættust tugir nýrra styrktaraðila sem styrkja nú börn í SOS barnaþorpum.

Óvænt fjölmiðlafár

Veist þú hver Hafdís er?



Djúpt snortin yfir samtakamætti Íslendinga

„Þegar ég heyrði það trúði ég því varla,“ sagði Ambika í viðtali við SOS blaðið sem kom út síðla árs. „Að allt Ísland skyldi hafa tekið þátt í leitinni að Hafdís – mér fannst það ótrúlegt og dásamlegt og undirstrikar að fólk um allan heim getur sameinast í góðverki.“ Í viðtalinu sagði Ambika á opinskáan hátt frá því hvernig var að alast upp í barnaþorpi. Þá sagði

hún að gömul póstkort frá Hafdís með myndum af norðurljósunum, sem hún fann við tiltekt, hefðu orðið til þess að hún ákvað að skipuleggja ferð til Íslands.

Hafdís fann vel fyrir athyglinni

Hafdís viðurkennir að það hafi komið sér úr jafnvægi þegar SOS Barnaþorpin höfðu samband við hana til að láta hana vita að Ambika væri að leita að henni. „Það tók mig svolítinn tíma að meðtaka þetta, að hún væri raunverulega að leita að mér núna. Mér þótti mjög vænt um það og ég er búin að meðtaka það núna og fá yndislegar myndir af henni.“

Leitin að Hafdís bar árangur á þjóðhátíðardaginn 17. júní og Hafdís fann vel fyrir athyglinni. „Fólk var að stoppa mig úti í Kringlu og úti í búð. Þá bjóst fólk við að hún væri bara að koma til Íslands strax. Þá fannst mér svolítið erfitt að segja að hún kæmi ekki alveg strax.“

Ambika var nefnilega búin að skipuleggja ferð til Íslands áður en Hafdís fannst en hægagangur í umsóknarferli um vegabréfsáritun varð til þess að Ambika varð að slá Íslandsferðinni á frest til haustsins 2026.

„Það verður yndislegt að sjá hana,“ segir Hafdís sem fann enn fyrir athyglinni vegna málsins, nærri hálfu ári síðar. „Bara síðast í gær hjá hjartalæknum mínum. Hún hafði séð umfjöllunina og svo fór bara góður tími af viðtalinu í að tala um þetta, áður en hún fór að tala um heilsuna mína,“ segir Hafdís hlægjandi.



Í SOS fréttum var þetta helst

Fá endurgreiðslu frá Skattinum vegna framlaga til SOS

Ætla má að um 19.500 einstaklingar sem styrktu hjálparstarf SOS Barnaþorpanna á árinu fái endurgreiðslu frá Skattinum. Til þess að einstaklingur njóti skattafrádráttar þarf samanlögð styrkupp hæð hans til félaga á almannaheillaskrá Skattsins að nema a.m.k. 10.000 krónum. Hámarksfrádráttur er 350.000 krónur á einstakling. Skattstofn þessara 19.500 einstaklinga lækkar fyrir vikið um samtals 660 milljónir króna eða að meðaltali 34.000 kr. á mann. Sé miðað við 38% tekjuskatt má ætla að meðalendurgreiðsla frá Skattinum vegna framlaga til SOS Barnaþorpanna nemi um 13 þúsund krónum á mann.

Ef við tökum dæmi af styrktaraðila sem styrkti SOS Barnaþorpin um 4.500 á mánuði allt síðasta ár mun skattstofn hans lækka um 54.000 kr. Ef viðkomandi er launþegi á meðallaunum þýðir þetta að skattgreiðslur hans fyrir 2025 lækka um ca. 20.500 krónur og ef hann er ekki í skuld við Skattinn mun hann fá þá upphæð endurgreidda frá Skattinum. Því hærri sem styrkurinn til SOS var á árinu, því hærri er endurgreiðslan.

Utanríkisráðherra gerði rammásamning við SOS

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra skrifaði í janúar undir rammásamning við SOS Barnaþorpin til fjögurra ára. Framlög ráðuneytisins til SOS á þessu tímabili nema samtals 689 milljónum króna og verður þeim varið í þróunarsamvinnuverkefni, mannúð-araðstoð og kynningar- og fræðsluverkefni. Samningurinn kveður jafnframt á um móttframlag í hvert verkefni frá SOS Barnaþorpunum á Íslandi. Verkefni SOS sem voru styrkt á árinu með þessum fjármunum eru m.a. fjölskylduefning í Malaví, Rúanda, Eþíópíu og Úganda auk verkefnis okkar sem vinnur gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó.



23 milljónum króna af erfðagjöf ráðstafað til háskólamenntunar

SOS Barnaþorpin á Íslandi ráðstöfuðu 23 milljónum króna af erfðagjöf til háskólamenntunar ungmenna í Rúanda. Ráðstöfunin er samkvæmt óskum Baldvins Leifssonar en erfðagjöf hans er sú stærsta í sögu samtakanna á Íslandi, 128 milljónir króna. Baldvin var ókvæntur og barn-laús. Hann lést í maí 2022, áttæður að aldri.

Erfðagjöfin fjármagnar einnig kaup á húsum fyrir SOS fjölskyldur á Míritíus

SOS ákvað einnig að nýta 31,5 milljónir króna af erfðagjöfinni til að fjármagna kaup á þremur húsum fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn á eyjunni Míritíus. Um sex til sjö börn fá heimili í hverju húsi ásamt SOS mæðrum sínum, samtals 18-21 barn í senn.

Í SOS fréttum var þetta helst



Ný fjölskylduefling í Úganda

Ný fjölskylduefling hófst í Úganda sem fjármögnuð er af SOS Barnaþorpunum á Íslandi og styrktaraðilum hér á landi, þ.e. SOS-fjölskylduvinum og utanríkisráðuneytinu. Í Úganda hjálpum við barnafjölskyldum út úr sárafátækt og vinnum gegn algengri samfélagsógn eins og ofbeldi gegn

börnum, barnaþrælkun og barnahjónaböndum. Verkefni okkar miðar að því að efla heilbrigði, menntun og fjárhagslegt öryggi foreldra og 1.500 barna á aldrinum 0-17 ára á Busoga-svæðinu í Mayuge-héraði.

Skólasókn barna í Malaví jókst um 227%

Á árinu sögðum við frá niðurstöðum óháðrar úttektar sem framkvæmd var fyrir utanríkisráðuneytið á fjölskyldueflingu okkar í Ngabu í Malaví sem lauk í lok árs 2025. Úttektin var birt í lok árs 2024 og niðurstaðan var vægast sagt gleðileg. Verkefnið gekk vonum frammar og barnafjölskyldur í viðkvæmri stöðu urðu sjálfbjarga í meira mæli en væntingar stóðu til um.

Um 320 foreldrar og aðrir umönnunaraðilar fengu þjálfun í jákvæðu foreldrahlutverki og 93,3% þeirra beita nýrri þekkingu til að bæta umönnun og vernd barna. Umtalsverður árangur hefur náðst við að bæta aðgengi að menntun fyrir börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu enda jókst skólasókn á verkefnasvæðinu úr 296 við upphaf verkefnis árið 2022 upp í 969 nemendur árið 2024. Það gerir 227% aukningu á skólasókn barnanna frá upphafi verkefnisins.

Sumarbúðir fyrir stríðshrjád börn í Úkraínu

SOS Barnaþorpin fjármagna fjölmörg umbóta- og mannúðarverkefni í þágu velfarðar barna og ungmenna víða um heim með stuðningi Íslendinga. Eitt slíkt var í Úkraínu þar sem vel heppnuðum sumarbúðum lauk í september fyrir 160 börn sem hafa orðið fyrir áhrifum af stríðinu og var fjármögnun þeirra tryggð af SOS á Íslandi og utanríkisráðuneytinu. Markmið sumarbúðanna er að veita sálrænan stuðning og bæta andlega heilsu barna sem hafa orðið fyrir áhrifum af stríðinu. Um er að ræða tvær 80 barna sumarbúðir sem staðsettar eru á öruggu svæði í Vestur Úkraínu. Heildarkostnaður nam rúmum 16,8 milljónum króna.

Polendur fengu stuðning og gerendur voru kærðir

Verkefni SOS Barnaþorpanna í Tógó sem fjármagnað er af Íslendingum, „Efling baráttunnar gegn kynferðislegri misnotkun á börnum í Ogou-héraði“, hefur skilað áþreifanlegum árangri. Á fyrri hluta ársins fengu 39 þolendur stuðning og sex gerendur voru kærðir samkvæmt lögum. Yfir 860 fjölskyldur hafa bætt efnahag sinn í öðrum fasa verkefnisins sem hófst árið 2023 eða 96% heimila. Yfir 9.000 nemendur og kennarar hafa hlotið fræðslu um jafnrétti og barnavernd.

Verkefnið í Tógó er styrkt af utanríkisráðuneytinu og er hluti af opinberri þróun-araðstoð Íslands. Greiðslur vegna verkefnisins námu rúmum 14,7 milljónum króna á árinu. Það felur í sér fyrirbyggjandi aðgerðir, stuðning og umönnun barna og stúlkna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi með áherslu á að halda ungum stúlkum í skóla.

Í SOS fréttum var þetta helst

Verkefnið hefur leitt af sér að samfélög taka virkari þátt í vernd barna og fjölmargir þolendur hafa fengið nauðsynlegan stuðning og réttlæti.

Stuðningur við samfélög á átakasvæðum í Eþíópíu

Á árinu lögðum við til 30 milljónir króna með stuðningi utanríkisráðuneytisins í fjármögnun á nýju verkefni í Eþíópíu sem miðar að endurreisn og mannúðaraðstoð í samfélögum sem eru að fást við afleiðingar hernaðaráttaka. Áhersla er lögð á menntun og vernd barna, lífsviður-væri, andlega vellíðan fjölskyldna, næringu og margþætta fjárhagsaðstoð í North Wollo- og Waghimera-héruðunum á Amhara-svæðinu. Verkefninu er ætlað að ná til um 30.000 þátttakenda með beinum hætti og yfir 89.000 manns með óbeinum hætti á átakasvæðum í Eþíópíu.



Ólga hjá alþjóðasamtökunum



Ragnar Schram

Framkvæmdastjóri

SOS Barnaþorpin eru skipulögð þannig á heimsvísu að hvert aðildarland er sjálfstæð eining í alþjóðahreyfingu SOS og er með eigin stjórn og samþykktir. Þannig hefur hvert aðildarland eitt atkvæði á allsherjarþingi þar sem kosið er til stjórnar, um lagabreytingar og stefnu alþjóðasamtakanna.

Í júní 2025 voru umfangsmiklar breytingar á skipulagi samtakanna samþykktar á allsherjarþingi. Var t.a.m.

staða alþjóðaforseta lögð niður og í stað öldungaráðs (Senate) var sett á laggirnar alþjóðastjórn, sem svo kaus sér formann úr sínum röðum.

Í kjölfar þessara breytinga tók að gæta nokkurrar ólgu hjá einstaka löndum, meðal annars Þýskalandi og Noregi sem hafa lengi aflað hvað mests fjármagns fyrir samtökin á heimsvísu.

Um áramótin tilkynntu norsku samtökin að þau hygðust segja sig úr alþjóðahreyfingunni og tæki sú úrsögn að fullu gildi í lok árs 2027. Í kjölfarið tilkynntu nokkur önnur lönd um svipuð áform. Aðeins er þó um að ræða mjög lítinn hluta af þeim 137 aðildarlöndum sem mynda alþjóðahreyfinguna.

Einnig tók að bera á háværum kröfum frá sumum fjársterkum aðildarlöndum um niðurskurð hjá alþjóðasamtökunum. Tafir urðu á greiðslum frá nokkrum aðildarlöndum til alþjóðasamtakanna, sem

ollu því að alþjóðasamtökin lentu í fjárhagserfiðleikum og á tímabili var jafnvel útlit fyrir greiðslustöðvun sem hefði þýtt að alþjóðaskrifstofan hefði lamast og þjónusta hennar við aðildarlönd lagst niður. Aðildarlöndin sjálf hefðu þá þurft að sinna þeim störfum sem alþjóðaskrifstofan hefur vanalega sinnt.

Þessari hættu tókst þó að afstýra, ekki síst eftir að þýsku samtökin ákváðu að standa við sínar skuldbindingar við alþjóðasamtökin.

Hvort þessi jákvæði umsnúningur verður til þess að einhver aðildarlönd hætti við að segja sig úr alþjóðahreyfingunni á eftir að koma í ljós.

SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa ávallt, og munu áfram, standa við sínar fjárhagslegu skuldbindingar við bæði alþjóðahreyfinguna og samtarfslönd sín og áforma ekkert annað en að vera áfram aðili að alþjóðahreyfingu SOS Barnaþorpanna. Það sama má segja um langflest aðildarlönd.



Í kjölfar þessara breytinga tók að gæta nokkurrar ólgu hjá einstaka löndum, meðal annars Þýskalandi og Noregi sem hafa lengi aflað hvað mests fjármagns fyrir samtökin á heimsvísu

Áframhaldandi stuðningur mikilvægur fyrir Gaza

Þótt vopnahlé hafi tekið gildi á Gaza í Palestínu gætir enn áhrifa átakanna í daglegu lífi barna og fjölskyldna. Framundan er margra ára uppbyggingarstarf, m.a. hjá SOS Barnaþorpunum, enda var SOS barnaþorpið í Rafah jafnað við jörðu. Nærri sjö hundruð Íslendingar styrkja starfsemi SOS Barnaþorpanna í Palestínu mánaðarlega sem SOS foreldrar og SOS neyðarvinir auk þúsunda annarra sem styrkt hafa aðgerðir samtakanna í þágu barna með stökum framlögum. Þessi framlög eru svo sannarlega að komast til skila og nýttast vel.

Framlög SOS foreldra barna á Gaza

Ekkert SOS barnaþorp er lengur starfandi í Rafah á Gaza né föst starfsemi SOS í borginni. Barnaþorpið eyðilagðist í sprengingum árið 2024 en það hafði áður verið rýmt. Börnin sem flutt voru frá Rafah til Betlehem hafa formlega verið skráð í barnaþorpið í Betlehem. Fimm börn sem urðu eftir á Gaza halda áfram að njóta stuðnings SOS í gegnum verkefni samtakanna þar.

Vegna öryggisaðstæðna hafa verkefni sem áður tengdust barnaþorpinu í Rafah verið flutt, sett tímabundið á bið eða aðlöguð og framkvæmd á öðrum aðgengilegum svæðum á Gaza, einkum í Khan Younis. Öryggi barna og aðgengi að þjónustu eru ávallt í forgangi. SOS Barnaþorpin munu áfram notast við nafn barnaþorpsins í Rafah í styrktarkerfi samtakanna en starfsemin hefur verið færð undir ramma neyðarverkefna SOS á Gaza. Framlögum SOS foreldra sem styrkja barnaþorpið Rafah er því varið í þá starfsemi.

Nýting styrktarfjár

Styrktarfé SOS foreldra barna á Gaza er verkefnaþað og er notað til að tryggja umönnun barna sem upphaflega bjuggu í barnaþorpinu í Rafah fyrir eyðileggingu þess.

Fjármagnið er meðal annars notað til:

- umönnunar og verndar barna sem flutt voru frá Rafah og samþætt í önnur úrræði SOS, þar á meðal í barnaþorpinu í Betlehem
- áframhaldandi stuðnings við börn sem eru enn í umsjá SOS á Gaza
- neyðar- og mannúðaraðstoðar í þágu barna á Gaza
- neyðar- og aðlögunarverkefni á sviði barnaverndar og sálfélagslegs stuðnings á Gaza

Allir nýir SOS foreldrar barna á Gaza munu áfram styðja þessi verkefni og þannig tryggja umönnun og vernd barna sem tengjast verkefnum samtakanna á Gaza, hvar sem hægt er að veita þeim öruggan stuðning.

Menntun og sálfélagslegur stuðningur

Börn sem flutt voru frá Rafah og yfir í barnaþorpið í Betlehem eru núna í fjölskylduumönnun þar. Þau eru skráð í formlegt skólakerfi eða önnur viðeigandi menntastig, eftir aldri, fyrri námsreynslu og einstaklingsþörfum. Samhliða þessu fá börnin áframhaldandi sálfélagslegan stuðning, þar á meðal einstaklings- og hópviðtöl og reglulega eftirfylgd. Markmiðið er að styðja við tilfinningalegan bata, stöðugleika og velferð barna eftir flutning og erfiða reynslu.

Framlög til neyðaraðgerða

Neyðin í heiminum hefur sjaldan verið meiri og útbreiddari og neyðaraðgerðum SOS Barnaþorpanna fer fjölgandi. SOS Barnaþorpin á Íslandi senda reglulega fjármagn til neyðaraðgerða þegar eftir því er óskað af aðildarlandi SOS. Styrktarleiðin SOS-neyðarvinur er í boði fyrir almenning sem vill leggja sín lóð á vogarskálarnar.

Framlögum þeirra er varið í að styrkja neyðaraðgerðir SOS fyrir börn og fjölskyldur þeirra í stríði og á öðrum hamfarasvæðum. SOS á Íslandi sendi samtals rúmar 67.5 milljónir króna til slíkra verkefna í Palestínu, Úkraínu, Eþíópíu og Líbanon.

Framlög til neyðaraðstoðar

Palestína	10 milljónir króna
Úkraína	16,4 milljónir króna
Eþíópía	31,1 milljónir króna
Líbanon	10 milljónir króna
Samtals	67.5 milljónir króna



Þróunar- og mannúðarverkefni

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna einnig langtíma verkefni í formi umbóta- og þróunarstarfs víða um heim, öll í þágu velferðar barna og ungmenna. Samtals voru greiðslur vegna þeirra um 116,3 milljónir króna á árinu. Mesta fjármagnið er sent til fjögurra landa þar sem við fjármögnum fjölskylduefningu, í Úganda, Malaví, Rúanda og Eþíópíu. Þá var einnig send greiðsla til Tógó vegna langtíma verkefnis sem hefur það markmið að vinna gegn kynferðisbrotum gegn börnum. Öll eftirtalin verkefni falla undir ramma-samning við utanríkisráðuneyti Íslands og er það liður í opinberri þróunarsamvinnu Íslands.

Þróunar- og mannúðarverkefni

Úganda	23,3 milljónir króna
Malaví	28,6 milljónir króna
Rúanda	18 milljónir króna
Eþíópía	31,6 milljónir króna
Tógó	14,8 milljónir króna
Samtals	116,3 milljónir króna

45 milljónir króna til eflingar á fjáröflun

Styrkur var sendur til að efla fjáröflun í fjórum löndum svo þau getið farið að afla tekna innanlands. Markmiðið með þessum stuðningi er að flýta fyrir fjárhagslegu sjálfstæði landanna í fjáröflun. Samtals voru sendar rúmar 45 milljónir króna til Angóla, Grikklands, Laos og Sambíu.

Rausnarleg framlög einstaklinga

Framlög Íslendinga í gegnum SOS Barnaþorpin koma í sumum tilfellum utan hefðbundinna styrktarleiða og geta varðað ákveðin málefni standa þeim nærri. Tvær slíkar greiðslur voru framkvæmdar á árinu. Ung hjón hér á landi vildu styðja við starf SOS Barnaþorpanna í Ungverjalandi og gerðu það með rausnarlegu framlagi upp á tæpar 2,5 milljónir króna. Þá var Íslendingur á ferðalagi í Angóla sem styrkti barnaþorp þar í landi um 350.000 krónur.

Aðrir styrkir


1,9 milljóna króna styrkur var sendur til SOS Barnaþorpanna í Tógó og sama upphæð til Benín svo starfsmenn landsamtakanna gætu sótt námskeið til Evrópu í styrkumsóknum til Evrópusambandsins.

3,5 milljónir króna voru sendar til SOS á Ítalíu til stuðnings við verkefni á sviði geðheilbrigðis og sálfélags stuðnings. Alþjóðasamtök SOS halda úti sérfræðingahópi á þessu sviði undir stjórn SOS á Ítalíu sem leggur m.a. áherslu á að byggja upp færni starfsfólks í frönskumælandi löndum, starfsfólk sem svo getur m.a. stutt við þátttakendur í verkefnum SOS.

SOS Barnaþorpin í Póllandi voru styrkt um tæpar **3,9 milljónir** króna vegna fjölskylduefningar. Einnig voru tæpar **4,9 milljónir** króna greiddar til SOS í Rúanda til háskólamenntunar ungmenna. Um er að ræða hluta af skuldbindingu á 23 milljóna króna ráðstöfun af erfðagjöf Baldvins Leifssonar sem getið var um hér framar í árs-skýrslunni.

Alls námu þessar styrktargreiðslur til Ungverjlands, Tógó, Benín, Ítalíu, Rúanda, Angóla og Póllands samtals tæpum **19 milljónum** króna.

Skólamáli



Hjördís Rós Jónsdóttir

Fræðslufulltrúi

SOS Barnaporpin eru í góðu samstarfi við leik- og grunnskóla landsins. Samtökin bjóða upp á alls konar verkefni sem tengjast þróunarsamvinnu, réttindum barna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna auk annarra verkefna sem efla samkennd barna og víkka sjóndeildarhring þeirra.

Sólblómaleikskólar

Víða um landið má finna Sólblómaleikskóla en það eru leikskólar sem hafa sérstaka tengingu við SOS Barna-

porpin. Verkefnið er samstarfsverkefni SOS Barnaporpanna og leikskóla á landinu þar sem leikskólabörnin læra um líf barna víðs vegar um heiminn, um réttindi barna og hvernig við getum öll hjálpast að við að gera heiminn að betri stað fyrir börn. Margir leikskólar eru einnig SOS foreldrar eða styrkja samtökin á annan hátt. Á hverju ári halda leikskólarnir Sólblómahátíð en þá gera börnin sér glaðan dag. Í ár fengu allir sólblómaleikskólarnir sendan til sín ratleik þar sem hver stöð fjallaði um réttindi barna á skemmtilegan og fjölbreyttan hátt. Stundum fáum við skemmtilegar heimsóknir frá leikskólabörnunum hingað í Hamraborgina og stundum fáum við að kíkja í heimsókn til þeirra. Þetta er ótrúlega skemmtilegt verkefni og við tókum fagnandi á móti nýjum leikskólum í Sólblómáfjölskylduna okkar.

Öðruvísi jóladagatal

Jóladagatal SOS Barnaporpanna hefur heldur betur fest sig í sessi en þetta var tíunda árið í röð sem við buðum öllum grunnskólum landsins að taka þátt. Líkt og fyrri ár voru viðbrögðin frábær og tóku nemendur úr tæplega 70 grunnskólum þátt í ár. Í dagatalinu leyndust myndbönd frá ýmsum löndum þar sem við fengum að kynnst börnum sem þar búa. Í ár heimsóttum við m.a. Indland, Bosníu-Hersegóvínu, Rúanda, Keníu, Lettland og Sambíu. Í dagatalinu mátti líka finna uppskriftir, sögur og ýmis verkefni. Samhliða dagatalinu gafst nemendum tækifæri á að gefa af sér og safna fyrir börn sem búa við bágar aðstæður. Margir skólar tóku þátt í söfnuninni og öll framlöggin í ár fara í fjölskylduefningu SOS í Úganda. Stafarugljóladagatalsins var einnig á sínum stað og í ár var það 1. bekkur Borgaskóla sem dreginn var úr pottinum. Við óskum þeim innilega til hamingju.





Frístundaheimili

Frístundaheimili Tjarnarinnar og SOS Barnaþorpin eru í sérstöku samstarfi. Tjörnin er frístundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og rekur meðal annars sjö frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn. Hvert frístundaheimili Tjarnarinnar er SOS foreldri og styður eitt SOS barn. Á hverju ári standa þau fyrir jólamarkaði þar sem börnin fönndra fallega muni og selja til að safna fyrir framlagi sínu til SOS barnanna. Börnin fá í staðinn fræðslu um aðstæður barna í þróunarlöndum og fá nýjar fréttir um SOS barnið sitt árlega. Það getur verið



þínu erfitt fyrir börn á þessum aldri að búa til fallega muni sem þau fá ekki að halda sjálf. En það stoppar ekki börnin í frístundaheimilunum Tjarnarinnar. Þau verja tíma sínum og kröftum í að þetta flotta verkefni svo jafnaldrar þeirra í Eþíópíu og á Indlandi fái tækifæri til að blómstra.

Góðgerðarmarkaður Flataskóla

Á hverju ári halda nemendur Flataskóla jólamarkað þar sem þau selja ýmsan varning sem þau hafa búið til og gefa ágóðann til góðgerðarmála. Með þessu verkefni vill skólinn efla samkennd nemenda sinna. Nemendur fá að velja hvert ágóði jólamarkaðsins fer og í ár völdu þau SOS Barnaþorpin. Nemendur fönndruðu m.a. snjókarla úr tré, jólastjörnur í glugga, jólapappír, jólahurðastoppa og lyklakippur. Handverkið var svo selt á vel heppnuðum jólamarkaði og söfnuðust 448.000 kr. Peningurinn fer í verkefni SOS Barnaþorpanna í Arba Minch í Eþíópíu til að efla barnafjölskyldur, styðja þær til sjálfstæðis og koma í veg fyrir að þær sundrist.



Ávarp fjármálastjóra



Rake Lind Hauksdóttir

Fjármála- og fjáröflunarstjóri

Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og endurskoðandi samtakanna er Deloitte. Á vefsíðu okkar er ársreikningur birtur og höfum við gert slíkt til margra ára í því skyni að tryggja bæði eftirlit og gagnsæi. SOS Barnaþorpin leggja mikið upp úr gagnsæi í fjármálum og kappkosta að upplýsa styrktaraðila um alla þætti starfsins, þ.m.t. hvernig framlögum þeirra er ráðstafað og hve stór hluti þeirra fer í umsýslu.

Hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar á árinu var 17,6% sem er fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði í tengslum við erlend- og innlend verkefni nemur kostnaðarhlutfallið 15,9 %. Þetta þýðir að á árinu 2025 rann 841 króna af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálparstarfið.

Þitt framlag

Þegar SOS-foreldri greiðir framlag til SOS Barnaþorpanna ábyrgj-umst við að 85% fari í framfærslu barna í barnaþorpunum okkar. 15% af umsýslukostnaði er m.a. ráðstafað í eftirlit, öflun nýrra styrktaraðila og þjónustu við núverandi styrktaraðila. Af framlagi SOS-fjölskylduvina fara að lágmarki 80% í fjölskylduefninguna sjálfa en 20% í utanumhald. Ástæðan fyrir hærri umsýslukostnaði í fjölskylduefningu er að eftirlit með þeim verkefnum er flóknara því þar náum við til fleiri barna á verkefnatímanum.

Bókhald á hverju heimili

Áætlanir eru mikilvægar til að samtökin viti um kostnað í hverju landi og því þurfa stjórnendur hvers barnaþorps að gera áætlun um útgjöld. Þannig vitum við hversu miklu þarf að safna fyrir viðkomandi barnaþorp. Umönnunarfólk barnanna greiðir kostnað við uppihald þeirra og rekstur heimilisins. Allir reikningar eru færðir í bókhaldskerfi og þurfa samþykki yfirmanns.

Hvaða leið fer fjármagnið?

Þegar styrktaraðili á Íslandi gefur vilyrði fyrir styrk er framlagið merkt viðkomandi styrktarbarni, barnaþorpi eða verkefni. Í hverjum mánuði eru upplýsingar um hversu háa upphæð við höfum vilyrði fyrir frá styrktaraðilum settar í miðlægt kerfi samtakanna í Austurríki. Barnaþorpin senda upplýsingar um fjárþörf út frá sínum áætlunum inn í kerfið og eru þessar upplýsingar keyrðar saman. Þegar fjármagnið er komið á bankareikning SOS á Íslandi er það millifært til alþjóðaskrifstofu SOS Barnaþorpanna innan sex mánaða.

Er hættu á misferli?

Þrátt fyrir skýra verkferla og mikið gagnsæi er aldrei hægt að úti-loka hættu á misferli. Með öflugum eftirlitsaðgerðum leggjum við þó áherslu á að lágmarka slíka áhættu eins og kostur er. Í siðareglum SOS Barnaþorpanna kemur skýrt fram að spilling er aldrei liðin innan samtakanna. Við störfum víða í löndum þar sem spilling getur verið hluti af samfélags- og efnahagskerfinu, sem gerir ríkar kröfur til vandaðra vinnubragða og heiðarleika. Tækniframfarir hafa einnig gert okkur kleift að rekja framlög betur en áður – allt til einstakra barnaþorpa og barna.

Fjármál og lykiltölur 2025



Tekur árið 2025


932,9

milljónir króna

Tekjur og útgjöld

Tekjur	Fjárhæð
Framlög SOS-foreldra, fjölskyldu- og neyðarvina	548.893.487
Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar	157.348.931
Opinber framlög	153.600.000
Húsaleigutekjur	3.365.790
Fjármagnstekjur og gengishagnaður/(tap)	69.691.565
SAMTALS	932.899.773

Skipting til SOS Barnaporpanna 2025



Ítarlegra yfirlit um fjármál SOS Barnaporpanna á Íslandi má sjá í ársreikningnum sem einnig er aðgengilegur á heimasíðunni [sos.is](https://www.sos.is).

SOS fólkið á Íslandi 2025

Starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi miðar að því að afla styrktaraðila fyrir hjálparstarf samtakanna í yfir 130 löndum í Mið- og S-Ameríku, Afríku, Asíu og A-Evrópu. Einnig er þjónusta við styrktaraðila stór og mikilvægur þáttur í starfseminni hér á landi.

Á skrifstofu SOS á Íslandi starfa níu manns, fimm í fullu starfi og fjórir í hlutastörfum. Í september bættist við nýr starfsmaður í fjáröflun en engar aðrar breytingar urðu að því undanskildu að fjármálastjóri vann hluta af árinu í hlutastarfi. Með fullmannaða skrifstofu teljast stöðugildi skrifstofunnar að meðaltali 6,7 á árinu 2025.

Fyrirtækjaráð

Fyrirtækjaráð veitir SOS Barnaþorpunum faglega ráðgjöf í tengslum við fyrirtækjasamstarf.

SOS-aðildarfélagar

Lagabreyting tók gildi hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi árið 2022 sem gerir styrktaraðilum kleift að skrá sig sem féлага í samtökunum. Félagar greiða 2.700 króna árgjald og öðlast rétt til að sitja aðalfundi, bjóða sig fram til stjórnar og kjósa á aðalfundi. Breytingin fól m.a. í sér að fulltrúaráð SOS var lagt niður og hafa aðildarfélagar nú tekið yfir hlutverk þess. Aðildarfélagar SOS Barnaþorpanna á Íslandi voru 191 talsins í árslok.

Tilnefningarnefnd

Tilnefningarnefnd var sett á laggirnar á árinu 2023. Stjórn SOS Barnaþorpanna á Íslandi velur þrjá einstaklinga til setu í tilnefningarnefnd samtakanna. Einn þeirra skal vera úr stjórn samtakanna en hinir tveir utan stjórnar og óháðir bæði stjórn og stjórnendum. Tilgangur nefndarinnar er að tilnefna einstaklinga til aðal- og varamanna í stjórn samtakanna, með hagsmuni samtakanna að leiðarljósi. Stjórn samtakanna skal setja tilnefningarnefnd starfsreglur. (í samræmi við grein 7.9 í samþykktum SOS).

Við árslok 2025

Starfsfólk

Ragnar Schram – framkvæmdastjóri

Rakel Lind Hauksdóttir - fjármála- og fjáröflunarstjóri

Hans Steinar Bjarnason – upplýsingafulltrúi

Ólöf Harpa Halldórsdóttir – þjónustufulltrúi

Aðalheiður Dögg Finnsdóttir – verkefnastjóri í fjáröflun

Auður Ösp Gylfadóttir – þjónustufulltrúi í 60% starfi

Hjördís Rós Jónsdóttir - fræðslufulltrúi í 50% starfi

Helga Bára Bragadóttir – sérfræðingur í 52% starfi

Sigurlaug Halldórsdóttir – bókari í 10% starfi

Þorsteinn Garðarsson – verktaki, kerfisfræðingur

(6,7 stöðugildi)

Stjórnarmeðlimir

Kristján Þ. Davíðsson - formaður

Þorsteinn Arnórsson

Ólafur Örn Ingólfsson

Ingibjörg E. Garðarsdóttir

Anna Bjarney Sigurðardóttir

Varamaður: Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Velgjörðasendiherrar SOS

Eliza Reid

Eva Ruza Miljevic

Hera Björk Þórhallsdóttir

Rúrik Gíslason

Fyrirtækjaráð

Inga Lind Karlsdóttir

Marín Magnúsdóttir

Tilnefningarnefnd

Hildur Hörn Daðadóttir

Ingibjartur Jónsson

Anna Bjarney Sigurðardóttir

Stjórnarmeðlimir, velgjörðasendiherrar, fyrirtækjaráð og tilnefningarnefnd starfa í sjálfboðavinnu.

Lönd og svæði 2025

SOS Barnaporpin störfuðu fyrir börn og ungt fólk í 139 löndum og svæðum árið 2025.

Afríka

Angola
Benin
Botswana
Búríkína Fasó
Búrúndí
Grænhöfðaeypjar
Kamerún
Mið- Afríkulýðveldið
Tsjad
Fílabeinsströndin
Alþýðulýðveldið
Kongó
Djíbútí
Egyptaland
Miðbaugs-Gínea
Esvatíní
Eþíópía
Gana
Gínea
Gínea-Bissá
Kenía
Lesótó
Libería
Madagaskar
Malaví
Malí
Máritíus
Marokkó
Mósambík
Namibía
Níger
Nígería
Rúanda
Senegal
Sierra Leóne
Sómálía
Sómalíland
Suður-Afríka
Suður-Súdan
Súdan
Tansanía
Gambía
Tógó
Túnis
Úganda
Sambía
Sansibar
Simbabve

Ameríka

Argentína
Bólívía
Brasilía
Kanada
Síle
Kólumbía
Kostaríka
Dóminíska
Íýðveldið
Ekvador
El Salvador
Gvatemala
Haítí
Hondúras
Jamaíka
Mexíkó
Níkaragva
Panama
Paragvæ
Perú
Úrúgvæ
Bandaríkin
Venesúela

Asía og Eyjaálfa

Afganistan
Armenía
Ástralía
Aserbaísjan
Bangladdess
Kambódía
Kína
Franska Pólýnesía
Georgía
Hong Kong, sérstakt stjórnsýslu-svæði Kína
Indland
Indónesía
Írak
Ísrael
Japan
Jórdanía
Kasakstan
Kírgistan
Laos
Líbanon
Mongólía
Nepal
Pakistan
Palestína
Filippseyjar
Suður-Kórea
Srí Lanka
Sýrland
Taívan
Taíland
Sameinuðu arabísku furstadæmin
Úsbekistan
Vietnam

Evrópa

Albanía
Austurríki
Hvíta-Rússland
Belgía
Bosnía og Hersegóvína
Búlgarí
Króatía
Tékkland
Danmörk
Eistland
Finnland
Frakkland
Þýskaland
Grikkland
Grænland
Ungverjaland
Ísland
Ítalía
Kósóvó
Lettland
Liechtenstein
Litháen
Lúxemborg
Moldóva
Holland
Norður-Makedónía
Norður-Kýpur
Noregur
Pólland
Portúgal
Rúmenía
Serbía
Spánn
Svíþjóð
Sviss
Úkraína
Bretland

Við erum á samfélagsmiðlum

